

Alþingi
Erindi nr. D 138/1833
komudagur 29.4.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26.04.2010
Tilv. 019/2010 - 0.02.01
JPH

Efni: Umsögn um frumvarp til áfengislaga, 293. mál, um lagabreytingar er varða sölu áfengis og tóbaks.

Lýðheilsustöð þakkar veitt tækifæri til umsagnar um ofangreint frumvarp. Lýðheilsustöð hefur áður sent inn umsagnir vegna breytinga á áfengislögum og tekur umsögnin einungis til heilbrigðissjónarmiða.


Í umræddu frumvarpi er lögð til breyting á áfengislögum nr. 75/1998, með síðari breytingum. Nánar tiltekið á 3. mgr. 20. gr. laganna sem snýr að áfengisauglýsingum. Lagt er til að við síðari málslið 3. mgr. bætist eftirfarandi við: **... eða hætta á ruglingi á milli áfengu framleiðslunnar og þeirrar sem verið er að auglýsa vegna nafns á vörinni, umbúðum eða annarra einkenna.** Með þessari breytingu er von til að koma megi í veg fyrir að áfengar vörur séu auglýstar undir öðrum formerkjum.

Lýðheilsustöð tekur undir breytingartillögu á 3. mgr. 20. gr. áfengislaganna en bendir jafnframt á að verið er að endurskoða löginn í heild sinni. Ganga mætti enn lengra í þessari tillögu en gert er til að kveða enn skýrar á um túlkun laganna. Lýðheilsustöð beinir einnig athygli að því að ekki er að finna skilgreiningu á „létt öl“ í áfengislögum og því engin trygging fyrir því að um óáfenga vöru sé að ræða í þeim tilvikum þar sem þessi skilgreining er höfð í auglýsingum.

Áhrif áfengisauglýsinga á áfengisneyslu ungs fólks

Því meira sem ungt fólk sér af áfengisauglýsingum því meiri líkur eru á að það drekki áfengi. Þetta kemur fram í skýrslu um niðurstöðu umfangsmikillar rannsóknar sem gerð var í Hollandi. Þar kemur fram að reglur sem gilda um áfengisauglýsingar í Evrópu dugi ekki til að vernda ungt fólk gegn auglýsingunum. Skýrsluhöfundar benda einnig á að nauðsynlegt er að samræma reglur um áfengisauglýsingar í Evrópu til að draga úr magni þeirra og koma í veg fyrir að þeim sé beint að ungu fólki. Margar áfengisauglýsinganna virka mjög aðlaðandi á ungt fólk og áfengisframleiðendur nýta sér allar glufur sem þeir finna á núverandi reglum um áfengisauglýsingar. Nánar má lesa um rannsóknina á vefsvæðinu: <http://www.stap.nl/elsa/>

Virðingarfyllt,


Margrét Björnsdóttir, forstjóri Lýðheilsustöðvar